



POKASJÓÐUR

Leiðbeiningar vegna umsókna í Pokasjóð

Aðeins er tekið við umsóknum með rafrænum hætti, þ.e. sem fylltar eru út á heimasíðu sjóðsins, www.pokasjodur.is

Þegar búið er að fylla út umsókn og smella á „Senda“ á að koma staðfesting sem sýnir hvaða upplýsingar voru sendar. Ágætt er að prenta út staðfestinguna.

Öllum umsóknum er svarað með tölvupósti á það pósthfang sem umsóknin var send frá. Gera má ráð fyrir því að svar berist í kringum mánaðamótin apríl/maí.

Eins og fram kemur á heimasíðu sjóðsins er einkum horft til fjögurra sviða þegar kemur að úthlutunum úr sjóðnum:

- Umhverfismál
- Menning og listir
- Íþróttir og útivist
- Mannúðarmál (heilbrigðismál)

Frá upphafi hefur stjórn sjóðsins leitað til utanaðkomandi fagaðila, sem fara yfir allar umsóknir, meta þær og leggja síðan fram tillögu til úthlutunar. Stjórn sjóðsins hefur ekki sett þessum fagaðilum fastmótaðar reglur varðandi val á umsóknum en með tímanum hafa hins vegar þróast vinnureglur við yfirferð og val á umsóknum. Eftirfarandi almenn atriði hafa verið höfð til viðmiðunar:

Markmið með verkefnum þurfa að vera skýr og von um árangur:

- þurfa að koma að gagni á Íslandi
- þurfa að koma almenningi eða sem flestum til góða
- Séu þroskandi fyrir börn og unglinga
- Stuðli að heilbrigðum lífsháttum, forvörnum og bættri heilsu
- Séu til menningarauka, stuðli að listsköpun og auki þekkingu á listum og menningu
- Auki þekkingu og virðingu manna fyrir náttúru og umhverfi
- Bæti aðgengi almennings að íslenskri náttúru

Öllum er frjálst að senda inn umsókn til Pokasjóðs en rétt er að benda á að reynslan hefur kennt okkur eftirfarandi:

Einstaklingar, félagasamtök eða fyrirtæki sem sækja um til að hagnast á verkefninu hafa ekki hlotið styrki. Má þar nefna verkefni eins og húsbýggingar, fegrun á nánasta umhverfi, golfvelli o.s.frv.

Verkefni eiga helst að vera á vegum opinna félagasamtaka en síður á vegum félaga eða klúbba með takmarkaðan aðgang almennings eða á vegum opinberra aðila (ríkisstofnana, sveitarfélaga eða félaga á þeirra vegum).

Eftirfarandi hefur almennt ekki hlotið styrki:

- Utanlandsferðir og atburðir erlendis
- Húsasmíði og viðhald bygginga
- Nám
- Ferðalög eða keppnisferðir, t.d. kóramót